

**Alþingi**

**Erindi nr.**

**P 121/1308**

**komudagur**

**31**

**1997**

Reykjavík, 1. apríl, 1997.

Samtökin Lífsvog vilja hér með upplýsa yður um vandkvæði þau er enn virðast í því fólgin, fyrir sjúklinga að fá afrit sinna sjúkraskýrshna.

Með bestu kveðju.

f/h Samtakanna Lífsvog.

*Guðrún María Óskarsdóttir*

Guðrún María Óskarsdóttir.

*Ásdís Frímannsdóttir*

Ásdís Frímannsdóttir.



SJÚKRAHÚS  
REYKJAVÍKUR

Tölvunefnd  
Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu  
Amarhvíli  
150 Reykjavík

Reykjavík, 24.03.97  
JMG/ei


**Efni: Afhending sjúkragagna að beiðni félagasamtaka.**

Meðfylgjandi er eyðublað eða afrit bréfs sem spítalanum hefur borist frá samtökunum Lífsvog þar sem samtökin óska eftir afhendingu afrits sjúkraskýrslna tilgreinds sjúklings. Með bréfinu fylgdi handskrifað umboð sjúklings til afhendingar sjúkragagnanna.

Þrátt fyrir ótvíræða heimild sjúklinga til að fá sjálfir afhent afrit sjúkragagna sinna tel ég það orka tvímælis að samtök eða félagsskapur, hverju nafni sem hann nefnist, geti í umboði sjúklinga kallað eftir sjúkraskýrslum. Fer ég fram á það við Tölvunefnd að hún úrskurði um hvort samsöfnun slíkra upplýsinga á vegum félagasamtaka geti verið kerfisbundin söfnun persónuupplýsinga og farið í bága við lög nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

Þar til úrskurður Tölvunefndar í þessu máli liggur fyrir hef ég mælt svo fyrir að yfirlæknar afhendi ekki samtökunum Lífsvog né öðrum félagasamtökum afrit sjúkraskýrslna og mun því samkvæmt reglum koma til úrskurðar landlæknis ef á reynir þar til Tölvunefnd hefur látið uppi álit sitt.

Virðingarfyllst,

  
Jóhannes M. Gunnarsson, lækningaforstjóri  
Sjúkrahúss Reykjavíkur

Afrit: Ólafur Ólafsson, landlæknir  
Jóhannes Pálmason, forstjóri SHR  
Torfi Magnússon, formaður læknaáðs SHR  
Hjörleifur Kvaran, borgarlögmaður  
Samtökin Lífsvog

Hjál.: Afrit bréfsforms samtakanna Lífsvogar,  
dags. 04.03.97

108 Reykjavík  
Sími 525 1000 • Fax 525 1025  
Kt. 531195 2999

Samtökin Lífsvog  
Sóltúni. 20.  
105.Rvk.  
sími 552-3737

**Sjúkrahús Reykjavíkur  
Fossvogi.**

Reykjavík. 26.3. 1997.

Hr. lækningaforstjóri Sjúkrahúss Reykjavíkur *Jóhannes M. Gunnarsson*.

Efni: Ljósritun og dreifing Sjúkrahúss Reykjavíkur, á hluta bréfs frá Lífsvog, en sama bréf var endursent, með synjun um viðtöku.

Samtökin Lífsvog hafa í dag móttekið afrit af bréfi yðar til Tölvunefndar, ásamt afriti af hálfu bréfi, frá Lífsvog til Sjúkrahúss Reykjavíkur.

Við látum í ljósi undrun okkar á þeim vinnubrögðum að að Sjúkrahús Reykjavíkur skuli útbúa ljósrit á þann hátt að leggja yfir hluta frunnrits, og fá þannig út autt eyðublað, líkt og hér er gert, án þess að hafa samband við Samtökin Lífsvog. Lífsvog hefur ekki verið með sérstök formeyðublað, heldur sinnt hverju erindi sem slíku, hverju sinni.

Þetta er því hvorki eyðublað, né afrit bréfs er þér sendið hr.

lækningaforstjóri. Svo sérstaklega vill til að einnig í dag hefur Lífsvog fengið endursent bréf er sent var lækni (meðferðaraðila) beint á Sjúkrahús Reykjavíkur, en ástæða endursendingar, var sú að neitað var að taka við því. Það kemur síðan í ljós, að þetta tiltekna bréf hefur að geyma erindið sem ljósritað var og sent út af hálfu sjúkrahússins.

Ástæða erinda okkar fyrir hönd sjúklinga er einungis sú að áður hafa þeir hinir sömu fengið neitun um afhendingu sjúkragagna sinna af hálfu Sjúkrahúss Reykjavíkur, þrátt fyrir hina ótvíræðu heimild.


Lífsvog hefur því eftir föngum reynt að aðstoða þá er kvarta yfir slíku, og jafnframt reynt að létta hluta slíkra erinda af Landlækniseimbættinu, þótt


afskipti Landlæknis af slíku korni oftast en ekki til, eins og yður er sjálfsagt kunnugt um. Í ljósi þess, að vandkvæði varðandi afhendingu gagna á Landspítalanum, til handa sjúklingum heyrta til undantekninga, kemur erindi yðar verulega á óvart.

Hvað varðar áhyggjur yðar varðandi upplýsingasöfnun, af hálfu Lífsvogar. Þá vitum við ekki annað en að, viðtaka kvartana, hvort sem þar er um að ræða kvartanir á heilbrigðisþjónustu ellegar einhverja aðra þjónustu sé heimil, hvað þá leiðbeining til handa sjúklingum varðandi málsmeðferð. Við óskum því vinsamlega skýringa á því, hvers vegna ekki var haft samband við Samtökin Lífsvog, til þess að afla upplýsinga um hugsanleg eyðublöð í þessu sambandi ?

#### VIRÐINGARFYLLST.

F/H Samtakanna Lífsvog,

  
Guðrún María Óskarsdóttir form.

  
Ásdís Frímannsdóttir varaform.

Afrit. Tölvunefnd Dóms og Kirkjumálaráðuneyti Arnarhvoli.  
Hr. Ólafur Ólafsson Landlæknir.  
Hr. Jóhannes Pálmason forstjóri S.H.R.  
Hr. Torfi Magnússon formaður lækna ráðs S.H.R.  
Hr. Hjörleifur Kvaran borgarlögmaður  
Heilbrigðisráðherra, frú Ingibjörg Pálmadóttir.  
Heilbrigðisnefnd Alþingis, form hr. Óssur Skarphéðinsson

Hjálagt er afrit afrits lækningarforstjóra Sjúkrahúss Reykjavíkur hr. Jóhannesar Pálmasonar, til Samtakanna Lífsvog, af erindi til tölvunefndar, ásamt hinu útbúna sérlyósritaða blaði, er sá hinn sami sendir með.  
Afrit af bréfi Lífsvogar til lækningarforstjóra Sjúkrahúss Reykjavíkur.

SAMTÖKIN LÍFSVOG.

Sóltúni. 20.

105. Rvk.

*Sími 5523737*

Reykjavík. 4.3. 1997.

Sjúkrahús Reykjavíkur  
Fossvogi.

Geðdeild.

Samtökin Lífsvog óska hér með eftir afhendingu afrits sjúkraskýrslna,  
sjúklingsins Bjargar Magnúsdóttur, kt, 300830-3909, Borgartanga 4. Mos.

Meðferðaraðili : Hlédís Guðmundsdóttir geðlæknir.

*Meðfylgjandi er umboð sjúklings.*

VIRÐINGARFYLLST.

F/H Samtakanna Lífsvog.

Guðrún María Óskarsdóttir  
Ásdís Frímannsdóttir.

AFRIT : Ásgeir Karlsson yfirlæknir Borgarspítala.

*Allur skýrslur  
p.m.t. lyfja og hjólaumræðe.*

SAMTÖKIN LÍFSVOG.

Sóltúni. 20.

105. Rvk.

Reykjavík. 4.3. 1997.

Sjúkrahús Reykjavíkur  
Fossvogi.

Geðdeild.

Samtökin Lífsvog óska hér með eftir afhendingu afrits sjúkraskýrslna,  
sjúklingsins

Meðferðaraðili :

*Meðfylgjandi er umboð sjúklings.*

VIRÐINGARFÝLLST.

F/H Samtakanna Lífsvog.

Guðrún María Óskarsdóttir  
Ásdís Frimannsdóttir.

AFRIT

*Allar skýrslur  
p.m.t. lyfja og hjólaávarna.*